

Gultjara

Efnislýsing

Gultjara er lituð trétjara í fallegum okkurgulum lit og er ætluð til yfirborðsmeðferðar á við utanhúss. Gultjara hefur einstaklega verndandi eiginleika enda framleidd úr náttúrulegum efnum sem tréð sjálft notar gegn örverum. Tjaran hentar víða, m.a. við málun eldri og nútíma timburhúsa. Gultjara smýgur vel inn í viðinn og gula litarefnið verndar hann gegn UV-geislun sólarinnar ásamt því að gefa fletinum fallegan mattan lit.

Meðhöndlun

Best er að bera Gultjöru á í hlýju veðri því þá er auðveldra að vinna með hana og hún smýgur betur inn í viðinn. Hægt er að hita tjöruna í 50°C eða þynna hana með balsamterpentínu til að gera hana meira léttfljótandi. Þá verður yfirborðið fyrr matt og áferð viðarins meira áberandi. Mælt er með að þynna tjöruna með 20% balsamterpentínu á ómeðhöndlað timbur og tjargaða fleti en 30-40% á bjálkahús og hefllaðan við.

Ekki er þörf á sérstökum grunni og er Gultjara borin beint á viðinn. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Málartvätt og Original Hustvätt. Skolið vandlega eftir á með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er. Ef flöturinn hefur áður verið meðhöndlaður með tjöru nægir að burstu óhreinindi og ryk í burt áður en hafist er handa.

Notið breiðan pensli, u.þ.b. 70-100mm breiðan. Berið tjöruna á eins og „venjulega“ málningu og forðist að hafa of þykk lög. Málið a.m.k. tvær umferðir til að fá sem bestu vatnsvörnina og jafnari lit. Hins vegar er í lagi að láta seinni umferðina bíða í allt að einu ári ef svo ber undir. Mælt er með að bera á aftur eftir 3-7 ár, allt eftir álagi á flötinn. Hin þekktu tjöruylkt dofna fljótlega og er að mestu farin eftir mánuð.

Hafa ber í huga að tjara er náttúruleg afurð sem getur verið nokkuð breytileg í útliti eftir framleiðslulotum. Ef margar dósir þarf í verkið er best að blanda innihaldinu úr þeim öllum saman. Þannig fæst örugglega sami litatónn á allan flötinn.

ATH! Hrærið vel upp í dósinni áður en hafist er handa því litarefnið getur botnfallið. Ágætt er að hræra annað slagíð í dósinni meðan á verki stendur.

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Athugið að kviknað getur í olíublautum tuskum og tvisti af sjálfu sér og verður að bleyta þær með vatni áður en þeim er hent á öruggan stað. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Litur: Gulur

Þynning: Balsamterpentína, EKKI venjuleg terpentína

Þurrktími: 1-3 sólarhringir. Fer eftir undirlagi, veðri og vindum.

Endurmálun: U.þ.b. 24 klst.

Fullþornað: 1 vika

Lágmarkshiti við málun: +10°C

Þekja: 5-8 fermetrar pr. lítra. Fer eftir undirlagi

Pakkningar: 3 l.

Hreinsun: Balsamterpentína eða sápa/vatn

Ending: 24 mánuðir (í lokaðri dós)

Rokgjörn lífræn efni (VOC (fl. 1.1/f) 700 g/l.)

Inniheldur mest 300 g/l.